

# Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna á Íslandi 2021

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna á Íslandi, héldu áfram að dafna á árinu, þrátt fyrir miklar raskanir á starfsemi félagsins vegna heimsfaraldurs COVID-19.

Þær breytingar sem gerðar voru á starfsemi félagsins reyndust afar vel og leggur stjórn til við aðalfund að þær breytingar sem gerðar voru á starfsemi félagsins verði gerðar varanlegar.

Ekki reyndist unnt að halda tilnefningahátíð í Borgarbókasafninu í desember, eins og vaninn er, vegna samkomutakmarkana, en í stað þess voru verðlaunin kynnt á samfélagsmiðlum með sérstökum smámyndum sem kynntu verðlaunahafa. Þessar smámyndir vöktu töluverða athygli og vert er að athuga að halda útgáfu þeirra áfram jafnvel eftir að samkomutakmörkunum hefur verið aflétt.



Einnig þurfti að fresta afhendingu verðlaunanna, sem síðustu árin hafa verið afhent um miðjan janúar, fram til 8. mars, alþjóðlegs baráttudags kvenna. Þessi breyting vakti mikla lukku, en fjölmiðlaathygli var mun meiri en vanalegast. Með því að veita verðlaunin á þessari dagsetningu staðfesta verðlaunin sig inn í alþjóðlegri baráttuhreyfingu femínista og heiðra einnig sögu verðlaunanna, en á árunum 2007 til 2013 voru verðlaunin afhent þann dag.

## Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna (sís og trans) og trans, kynsegin og intersex fólks á Íslandi

Stórt skref var tekið á aðalfundi félagsins sem haldinn var 5. október 2020 þegar fundargestir samþykktu samhljóða breytingu á félagssamþykktum, svo 3. grein hljóðar nú svo:

*Tilgangur félagsins er að halda utan um skipulagningu og framkvæmd Fjöruverðlaunanna, bókmenntaverðlauna kvenna (sís og trans) og trans, kynsegin og intersex fólks á Íslandi, sem veitt skulu fyrir marslok á hverju ári.*

Með þessari breytingu eru Fjöruverðlaunin útvíkkuð, svo til verðlaunanna koma til greina bækur eftir allar konur, sem og allt trans, kynsegin og intersex fólk. Þessi útvíkkun er í anda grasrótarinnar sem upphaflega stofnaði til verðlaunanna, að vekja athygli á verkum rithöfunda sem verða útundan í karllægri uppbyggingu bókmenntaheimsins. Líkt og konur, hefur trans,



kynsegin og intersex fólk þurft að finna á eigin skinni fordóma feðraveldisins og verið njörvað niður í fjötra kynjakerfisins.

Stjórn Fjöruverðlaunanna breyttu starfsemi félagsins svo að er í anda nýju félagssamþykktanna, og auglýstu til bókaútgefenda að hægt væri að leggja fram til verðlaunanna verk eftir konur (sís og trans) og trans, kynsegin og intersex fólk á Íslandi.

## Fjárhagur og félagatal 2020–2021

Allt frá stofnun félagsins 2014 árin hefur verið unnið við að straumlínulaga rekstur Fjöruverðlaunanna og koma á föstum styrktarlínum, sem þýðir að öll umsýsla og undirbúningur er auðveldari og framtíð verðlaunanna því tryggari.

Breytingar urðu miklar á fjársýslu félagsins vegna heimsfaraldursins. Félagið sparaði þar sem fundarhöld voru færri, ekki var haldin tilnefningahátíð eða uppskeruhátíð dómnefnda. En á sama tíma kom til aukakostnaður þar sem stjórn félagsins tók þá ákvörðun að greiða Koggu fyrir verðlaunagripi í ár, en hún hefur vanalegast gefið þau verðlaun; og einnig keypti stjórn smá glaðning fyrir dómnefndarkonur til að þakka þeim fyrir vel unnin störf, sem og tók þátt í kostnaði til að kaupa veitingapakka fyrir verðlaunahafa að taka með heim frá afhendingu.

Félagsgjöld voru rukkuð í fyrsta skipti í sögu verðlaunanna og greiddu 120 félagar gjöldin, 72% af félagstali.

Kostnaðurinn við verðlaunin hækkaði umtalsvert á þessu ári, þar sem verðlaunin greiddu í fyrsta skipti fyrir verðlaunagripi og tóku aftur upp á því að kaupa límmiða fyrir hönd bókaforlaga. Tekjur félagsins á árinu voru þó nægilegar til að ná utan um þennan kostnað, en þær voru á árinu 365.724 krónur (félagsgjöld og sala á límmiðum til bókaforlaga)

### Útgjöld Fjöruverðlaunanna

2014–2015:	307.847 kr.
2015–2016:	286.666 kr.
2016–2017:	259.366 kr.
2017–2018:	150.956 kr.
2018–2019:	124.885 kr.
2019–2020:	217.824 kr.
<b>2020–2021:</b>	<b>365.420 kr.</b>

Fjöruverðlaunin hafa aldrei verið peningaverðlaun og ljóst er að þau verða ekki peningaverðlaun nema til komi mikið og samstillt átak stjórnar, félagsmanna, hagsmunaaðila fyrirtækja og opinberra aðila.

Félagar í Félagi um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna voru 167 undir lok starfsárs.

## Starfsárið 2020–2021

Aðalfundur Fjöruverðlaunanna var haldinn á Zoom 5. október 2020. Á aðalfundinum voru samþykktar breytingar á 3. grein laga Félags um Fjöruverðlaunin, sem áður voru reifaðar í þessari skýrslu. Ekki voru laus sæti í stjórn félagsins, en formaður Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, tveir meðstjórnendur í aðalstjórn Erla E. Völudóttir og Helga Birgisdóttir og 1 meðstjórnandi í varastjórn Ásbjörg Una Björnsdóttir voru kosnar til tveggja ára árið 2019. Kjörnir voru tveir skoðunarmenn reikninga: Védís Skarphéðinsdóttir og Elín Björk Jóhannsdóttir.

Auglýst var eftir bókum eftir konur að leggja fram til verðlaunanna fyrir 30. október 2020. Ef bækur voru ekki komnar út fyrir þann tíma, var bókaútgefendum boðið að senda rafrænt eintak af bókinni á dómnefnd og skila inn þremur eintökum af verkinu fyrir 20. nóvember 2020. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu sér til fulltingis verklagsreglur. Félag íslenskra bókaútgefenda sá við móttöku bóka frá útgefendum en stjórnarkonur deildu systurlega með sér keyrslu á bókum til dómnefnda, þrisvar á tímabilinu.

107 bækur voru lagðar fyrir fyrir Fjöruverðlaunin 2021, 36 bók í flokki barna- og unglingsbókmennta, 49 í flokki fagurbókmennta og 22 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna voru kynntar á samfélagsmiðlum 3. desember 2020, og einnig var send út fréttatilkynning til fjölmiðla.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2021:

### Í flokki fagurbókmennta

- *Aprílsólarkuldi* eftir Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur
- *Hetjusögur* eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Undir Yggdrasil* eftir Vilborgu Davíðsdóttur

### Í flokki barna- og unglingsbókmennta

- *Sjáðu* eftir Áslaugu Jónsdóttur
- *Iðunn og afi pönk* eftir Gerði Kristnýju, **sem hlaut verðlaunin**
- *Vampírur, vesen og annað tilfallandi* eftir Rut Guðnadóttur

### Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Íslenskir matþörungar – ofurfæða úr fjörunni* eftir Eydísi Mary Jónsdóttur, Hinrik Carl Ellertsson, Karl Petersson og Silju Dögg Gunnarsdóttur
- *Konur sem kjósa: Aldarsaga* eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur, Kristínu Svövu Tómasdóttur, Ragnheiði Kristjánsdóttur og Þorgerði H. Þorvaldsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Þættir úr sögu lyfjafræðinnar á Íslandi frá 1760* eftir Hilmu Gunnarsdóttur

Reykjavíkurborg sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar er að hún mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhendinguna.

Fjöruverðlaunin 2021 voru afhent 8. mars 2021 í húsakynnum borgarinnar í Höfða. Formaður stjórnar stýrði samkomunni, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Bókmenntarborgar UNESCO – Reykjavík ávarpaði gesti, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir formaður Fjöruverðlaunanna tilkynnti verðlaunin og Dagur afhenti blóm og verðlaunagrip. Athöfnin var með mun smærra sniði en vanalegast, engir boðsgestir og engar veitingar; en athöfninni var varpað beint á Facebook Live síðu félagsins. Verðlaunahafar árið 2021 fengu í verðlaun áletrað egg hannað af Koggu, og einnig voru þau leyst út með léttum veitingum til að taka með heim og blómvönd frá borginni og rauðvínsflösku frá Fjöruverðlauninum. Þessu voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Í stað þess að halda veislu fyrir dómnefndir og velunnarar, sendi stjórn Fjöruverðlaunanna vín og súkkulaði á heimili dómnefndakvenna í þakkarskyni.

Dómnefndir unnu gott og óeigingjarnt starf og þökkum við þeim fyrir. Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Elín Björk Jóhannsdóttir, Jóna Guðbjörg Torfadóttir og Kristín



Ástgeirsdóttir, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Sóley Björk Guðmundsdóttir og Sigrún Helga Lund, og í dómnefnd barna- og unglingabókmennta sátu Arna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir og Hildur Ýr Ísberg.

Allt samstarf við dómnefndir, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Pipar/TBWA Koggu og Reykjavíkurborg gekk vel.

## Yfirstandandi og áframhaldandi verkefni

Á aðalfundi 2018 var ákveðið að afhenda á árinu öll gögn Fjöruverðlaunanna til Kvennasögusafns Íslands og vinna betur í vefsíðu félagsins, birta þar t.d. upplýsingar um allar bækur sem tilnefndar hafa verið til Fjöruverðlaunanna til að auka sýnileika rithöfundanna og gefa út sérstaka útgáfu vefsíðunnar á ensku. Þeirri vinnu er ekki enn lokið.